

Mæliblað 34.533.8

Reykjavík, 1:500

Útprintun þarf ekki að vera í uppgefnum kvarða.

Nr	Norður (X)	Austur (Y)
263	413117.5085	369190.2002
264	413118.9908	369198.2889
265	413124.4229	369193.3925
266	413119.7373	369198.1921
267	413126.6921	369240.3012
268	413136.4097	369206.6624
280	413198.2080	369120.4603
281	413211.0416	369123.4250
282	413262.7220	369180.7637
294	413202.3391	369113.7666
290	413209.3730	369124.8820
291	413198.2080	369112.6575

X=K413250
Y=369200

X=K413150
Y=369150

Starfsmannaástaða

Vigt

Vörubílastæði

Kistumelur

Efnislager

Norðurgaravegur

Samþykktir sem breita mæliblað, útgáfu 18. 1. 2008, byggir á Sja deiliskipulag sem samþykki var í skipulagsnefnd 17. des. 2003 og borginn 6. jan. 2004 og ávæðing um glerstíku deiliskipulagsins sem var birt í B-útdrátt Sýkmalindna þann 30. jan. 2004. Sja samþykki algjafstulundar byggisgarðsins dags. 27. 9. 2005. Sja samþykki algjafstulundar byggisgarðsins dags. 6. 1. 2008.

34.533.803
Larinn 204198
36 m² X

Kvæð um groft og lagur O.R.

Kvæð um groft og lagur O.R.


Athugið að lóð og slóðsetning og fjöldi niðarstaða sé í samræmi við gjaldandi deiliskipulag og samþykki.

Breyting á deiliskipulagi athafnasvæðis á Esjumelum á Kjalarnesi


Malbikunarstöð við Koparsléttu 6-8



Staðsetning lóðar á deiliskipulagssvæði. - Ekki í kvarða.




Deiliskipulagsbreyting athafnasvæðis á Esjumelum. Mkv. 1:4.000. Afmörkun lóðar fyrir malbikunarstöð á deiliskipulagsupprætti.



Skýringarmynd fyrir útlit malbikunarstöðvar á Kistumel 6-8.

Útlit og útfærsla stöðvarinnar á mynd er ekki bindandi.



Greinargerð

Í samræmi við gerðabók skipulagsfulltrúa dags. 26. ágúst 2019 er gerð breyting á deiliskipulagi athafnasvæðis á Esjumelum á Kjalarnesi, sem samþykkt var 6. október 2016, m.s.br., í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin sýnr að því að heimilt er að starfrækja malbikunarstöð á lóð við Koparsléttu 6-8 (áður Kistumelur) á Esjumelum. Forsenda breytingar er að athafnasvæðið á Esjumelum er talin ákjosanlegasta staðsetningin fyrir malbikunarstöð sem hefur það markmið að þjónusta norðurhluta höfuðborgarsvæðisins.

Samræmi við áætlanir

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030

Koparsléttu 6-8 er á svæði sem er skilgreint í aðalskipulagi sem athafnasvæði AT5. Almenn tæknifráttir fyrir iðnaði á athafnasvæðum en í breytingu á aðalskipulagi voru heimildir rýmkaðar fyrir svæðið þannig að þar er heimil starfsemi sem fellur undir iðnaðarsvæði sbr. skipulagsreglugerð nr. 123/2010, en tilgreina þarf þá starfsemi sérstaklega í deiliskipulagi, að undangengnu umhverfismati breytingarinnar sem horfir sérstaklega til viðkomandi starfsemi. Skv. aðalskipulagi takmarkast slík starfsemi við svæði norðan vatnaskila. Enn fremur skal gæta þess að staðsetja ekki iðnaðarlóðir næst hverfisvernduðu votlendissvæði. Í breytingu á aðalskipulagi eru settir skilmálar um þau atriði sem leggja skal til grundvallar í umhverfismati deiliskipulags, sjá bls. 11 í greinargerð. Deiliskipulagsbreyting uppfyllir þau skilyrði.

Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2010-2030

Athafnasvæði AT5 er í nágrenni við sveitarfélagamörk Mosfellsbæjar. Sunnan við svæðið, austan við Vesturlandsveg, er athafnasvæði Mosfellsbæjar við Tungumela og vestan við Vesturlandsveg, íbúðarbyggð við Leirvogstungu. Skv. aðalskipulagi Mosfellsbæjar er Leiruvogur, sem er sunnan við athafnasvæði á Esjumelum, á náttúruminjaskrá. Breyting hefur ekki áhrif á Leiruvog. Fjallað er um áhrif deiliskipulagsbreytingar á viðtaka í umhverfisskýrslu.

Starfsleyfi

Óska þarf eftir starfsleyfi vegna starfsemi malbikunarstöðva, í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit.

Skilmálar fyrir lóð Koparsléttu 6-8

Breytingin nær til einnar lóðar, Koparsléttu 6-8, sem er 10.856 m² að stærð. Heimilt er að starfrækja malbikunarstöð á lóð. Um er að ræða starfsemi þar sem tekið er á móti hraefnum, biki, olíu og malarefnum og framleitt malbik til að leggja á vegi, götur og stíga. Framleiðslugeta er áætluð allt að 160 t/klst af malbiki. Gert er ráð fyrir að rekstraraðila verði heimilt að taka við fræstu malbiki til endurvinnslu og framleiða bikiþeytu. Ætla má að vörubilaumferð til og frá svæðinu verði um 1.500 bifreiðar á ársgrundvelli. Fyrirhugað er að malbikunarstöðin sjálf verði u.þ.b. fyrir miðju lóðarinnar. Steinefnalager verður með fram jaðri lóðar.

Mannvirki á lóð

Gerð er breyting á skilmálum deiliskipulags til að rúma starfsemi malbikunarstöðvar. Ekki er gerð breyting á afmörkun byggingarreits né byggingarmagni en gerð er breyting á hæðartakmörkunum á lóð. Fyrirhuguð mannvirki, að undanskilinni malbikunarstöðinni sjálfri, rúmast innan fyrri heimilda deiliskipulags. Heimild er fyrir malbikunarstöð ásamt þeim byggingum sem tengjast henni á lóð. Auk malbikunarstöðvarinnar er gert ráð fyrir skrifstofuhúsnæði, siló, efnislager og öðrum byggingum sem tengjast starfsemi, svo sem rannsóknarstofu, starfsmanaðstöðu, áhaldageymslu, allt að 6.513 m³. Á lóðinni verða geymar fyrir bik og olíu sem geta verið allt að 100 m³ að rúmmáli hver, samtals allt að 200 m³. Þá er gert ráð fyrir eldsneytistank á lóð, allt að 40 m³ að rúmmáli. Gert er ráð fyrir að malbikunarstöðin verði færanleg, með það í huga að mögulegt verði að færa stöðina með tiltölulega litlum tilkostnaði komi til þess að forsendur landnotkunar breytist í framtíðinni. Til að rúma uppbyggingu starfseminnar er gerð eftirfarandi breyting á töflu í greinargerð deiliskipulags:

Fyrir breytingu:

Götuheiti	Núverandi ástand			Deiliskipulag				
	Lóð skv. FMR	B. magn m ²	Nýtingar-hlutfall	Lóð m ²	B. magn m ²	Nýtingar-hlutfall	Lóð m ²	Athugasemdir og skilmálar
Kistumelur 6-8	10.856	0,0	0,0	10.855	6613,0	0,4-0,6	10.588	Öbyggð lóð. Mænishæð allt að 9 m, vegg hæð 7 m. Kvæð um frávetu.

Eftir breytingu:

Götuheiti	Núverandi ástand			Deiliskipulag				
	Lóð skv. FMR	B. magn m ²	Nýtingar-hlutfall	Lóð m ²	B. magn m ²	Nýtingar-hlutfall	Lóð m ²	Athugasemdir og skilmálar
Koparsléttu 6-8	10.856	0,0	0,0	10.855	6613,0	0,4-0,6	10.588	Skilmálar í kafla um mannvirki á lóð. Kvæð um frávetu.

Almennt skal mænishæð mannvirkja vera allt að 9 m og vegg hæð 7 m. Hæð malbikunarstöðvar má vera yfir þeim hæðarmörkum. Hæð stöðvar er í nokkrum þöllum, sjá skýringarmynd til vinstri. Hæsti punktur malbikunarstöðvar eru sló og stoðvirki þeirra, þau mega vera allt að 24 m að hæð, frá aðalgólfi og flatarmáli þeirra allt að 45 m². Næst hæsti hluti verksmiðjunnar er skorsteinn og stoðvirki í sambærilegri hæð, sem mega vera allt að 17 m há og 20 m² að flatarmáli. Allt að 50 m² mannvirkisins geta náð allt að 14 m hæð. Að öðru leyti eru mannvirki á lóð undir 9 m hæð. Innan byggingarreits er heimilt að staðsetja búnað tengdan starfsemi, svo sem krana og efnistanka sem geta náð upp fyrir mestu leyflegu mænishæð. Heimilt er að byggja girðingar eða skjólveggi umhverfis lóðina. Vegna hæðarmismunar á lóðinni getur girðing orðið allt að 4 metrar, ofan við vegg hæð aðliggjandi gatna. Tilgangur veggja er að hindra fok og lágmarka þannig rykmengun við móttöku, geymslu og flutning hraefna. Gert er ráð fyrir að skjólveggir og girðingar geti verið utan við byggingarreit lóðarinnar. Fallið er frá fyrri kröfu deiliskipulags um að girðingar og skjólveggir á mörkum lóða verði háðar samþykki beggja lóðarhafa þar sem mikilvaegt er vegna eðli starfseminnar að hægt verði að girða af svæðið til að hindra fok. Að öðru leyti skal fylgt byggingarreglugerð nr. 112/2012 gr. 2.3.5.

Frágangur og ásynd lóðar

Á lóðinni er heimild fyrir steinefnalager, allt að 4.000 m³ að flatarmáli og 10.000 m³ að rúmmáli. Malbikaðar akbrautir verða á inn- og útkeyrslum lóðarinnar. Gert er ráð fyrir

gangbrautum og skiltum til að auka öryggi við inn- og útkeyrslu lóðar. Bundið slitlag skal setja á bilastaði, plön og gangstéttar. Gerð er krafa um vandaðan frágang bilastaða og skal leitað við að brjóta upp ásynd þeirra með gróðri. Gert er ráð fyrir að gróður verði með fram lóð og innan lóðar þar sem við á. En gróður getur bætt ástand og hindrað fok frá starfsemi. Vegna eðli starfseminnar eru ákvæði um að hlutfall gróðurs skuli vera allt að 5% af heildflatarmáli lóðar fellt út. Við gróðursetningu trjáa skal sjá til þess að útsýni við gatnamót gagnvart umferð skaðist ekki. Hönnun og frágangur á svæðinu skal unnin með tilliti til sjónrænna áhrifa.

Fráveita og meðhöndlun ofanvatns

Fráveita lóðar skal hafa olúskilju og sandskilju þar sem við á. Áfyllingar og meðferð olúefna skulu fara fram á olúheldu áfyllingarplani með niðurfali í lægsta punkti sem tengt er olúskilju og sandfangi. Þá skulu niðurföll frá þvottaaðstöðu leidd í olúglidru og sandskilju. Lögð skal áhersla á að takmarka álag á núverandi hreinsivirki, bæði vegna efna sem gætu valdið rekstrartruflunum og með því að leiða ofanvatn inn í kerfið. Lóðin er á þeim hluta Esjumela þar sem í dag eru hefðbundnar fráveitulagnir sem leiða fráveitu í hreinsikerfi sem síðan rennur út í Kollafjörð. Sjá fráveitu á vefsíðu Veitna. Fráveita af lóð og frá mannvirkjum á lóð verður eftir atvikum leidd í hefðbundna fráveitu eða verður leyst innan lóðar, vegna eðli starfseminnar sem fyrirhuguð er á svæðinu. Uppfylla skal reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 ásamt breytingareglugerð nr. 450/2009. Útfærsla fráveitu verður unnin í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Mengunarnarnir, lykt og hávaði

Gert er ráð fyrir að afsog, t.d. frá brennurnum, þurrkurum, blöndurum og flutningslyftum verði hreinsað í reykhreinsibúnaði sem síðan streymir út um skorstein. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarahættu eins og kostur er. Þá skal gengið frá mengandi efnum þannig að ekki sé hætt á að þau efni berist út í umhverfið, í yfirborðsvatn, í grunnvatn eða í sjó. Frágangur á geymum og lögnum fyrir eldfima vökva skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn ollumengun frá starfsemi á landi. Lagnir skulu þannig frágengnar að hægt sé að kanna hvort þær leka. Eins og fjallað er um í kafla um mannvirki á lóð er gert ráð fyrir skjólveggi og girðingum til að hindra fok. Gert er ráð fyrir að skoðaðar verði aðrar aðferðir reynist girðingar ekki hindra fok með fullnægjandi hætti. Dæmi um aðgerðir er að nota vökvunarbúnað til að binda efni og gera hölf eða síló til að minnka fokhættu. Gert er ráð fyrir að dregið verði úr hávaða og titring frá malbikunarstöð eins og kostur er. Eftir atvikum skal yfirfara starfhætti með það að markmiði að draga eftir þörfum úr hávaða og lykt frá starfsemi. Gert er ráð fyrir að framleiðsla fari að mestu leyti fram í lokuðum rýmum, en það dregur úr hávaða og lyktarmengun sem gæti borist frá starfsemi. Uppfylla skal eftirfarandi lög og reglugerðir:

- Í samræmi við reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarnaræftirlit nr. 550/2018 skal notast við bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarnarvám á svæðinu.
- Á svæðinu skulu mengunarnarvám vera í samræmi við lög nr. 77/1998 m.s.br. um hollustuhætti og mengunarnarvám og í samræmi við reglugerð um hávaða, nr. 724/2008.
- Uppfylla þarf reglugerð um vamnir gegn ollumengun frá starfsemi á landi í samræmi við reglugerð nr. 884/2017.

Minjar

Breytingasvæðinu hefur þegar verið raskað og er í dag nýtt sem geymslusvæði. Engar þekktar minjar eru á svæðinu. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Umhverfisskýrsla

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða er fjallað um þá umhverfisþætti sem líklegir eru til að verða fyrir áhrifum vegna breytingar á deiliskipulagi. Í samræmi við ákvæði aðalskipulags er gerð grein fyrir umhverfisáhrifum til að ganga úr skugga um að fyrirhuguð starfsemi sé þannig að gerð og að umfangi að hún hafi óveruleg áhrif á verndarsvæði, útivistarsvæði og íbúðarbyggð í nágrenni svæðisins.

Matsskylda

VSÓ Ráðgjöf hefur sent fyrirspurn um matsskyldu til Skipulagsstofnunar vegna malbikunarstöðvar. Niðurstaða Skipulagsstofnunar, sem barst í tölvupósti dags. 15.02.19, er að malbikunarstöðin sé ekki tilkynningarskyld.

Viðmið og umhverfisþættir

Við mat er notast við eftirfarandi skilgreiningar á umhverfisáhrifum breytingartillögu:


Áhrif	Skýring
Jákvæð +	Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast veruleg. Áhrifin eru oftast svæðis- eða landsbundin en geta einnig verið staðbundin.
Óveruleg 0	Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru minniháttar, m.t.t. umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrifin eru oftast stað- eða svæðisbundin.
Neikvæð -	Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti skerða umfangsmikið svæða og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og forminja, og/eða rýra hag mikils fjölda fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræf. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin.

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum eru byggðar á lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingum alþjóðavísu. Í eftirfarandi töflu er lagt mat á áhrif skipulagsbreytingar á umhverfisþætti.

Umhverfisþættir	Áhrif
Svæðið sem um ræðir er athafnasvæði (AT5) þar sem fyrst og fremst er gert ráð fyrir iðnaði og annari starfsemi sem hefur ekki tejlendi mengunarahættu í för með sér. Samkvæmt breytingartillögu verður starfsemi malbikunarstöðvar heimil á umræddri lóð.	
Landslag og ásynd	Lóðin er ekki sýnileg frá Vesturlandsvegi. Hins vegar sjást mannvirki sem fara yfir 9 m hæð og útblástur frá starfsemi vel frá Vesturlandsvegi. Hæstu mannvirki á svæðinu eru siló, skorsteinn og stoðvirki tengd þeim, sem geta orðið allt að 24 og 17 m að hæð. Að auki nær hluti malbikunarstöðvar 14 m hæð en aðrir hlutar hennar og mannvirki verða undir 9 m hæð. Allt að 4 m háir skjólveggir verða á lóðarmörkum. Lóð liggur að Norðurgaravog og er því sýnileg frá götunni. Athafnasvæðið er sýnilegt frá útivistarsvæði við Esju og frá Leirvogstungu í Mosfellsbæ. Stærsti hluti starfseminnar er ekki sýnilegur þar sem lóðin er á miðju athafnasvæði en skorsteinn, siló og útblástur gætu orðið sýnileg frá íbúðarsvæðum.
0/-	Skýringar og mótvægisáðgerðir Gert er ráð fyrir veggjum með fram lóðarmörkum sem draga úr sýnileika starfseminnar. Settir eru skilmálar um að hönnun og frágangur skuli unnin með tilliti til sjónrænna áhrifa. Áhrif deiliskipulags á landslag og ásynd eru talin óveruleg neikvæð. Þar sem ekki er um að ræða óskipta veggi heldur siló, skorsteinn, grindur, rennur og annarskonar hluta verksmiðjunnar sem að einhverju leyti sést í gegnum eru sjónræn áhrif minni en ef um óskipta veggi væri að ræða.
Sjór og fráveita	Þar sem breytingasvæðið er norðan við vatnaskil og rennisslóð frá lóð til norðurs og vesturs, eru áhrif vegna breytingar óveruleg neikvæð.
0/-	Skýringar og mótvægisáðgerðir Settir eru skilmálar um að olúskiljur og sandskiljur verði á svæðinu. Þar sem við á er fráveita leidd í hefðbundna fráveitu og hluti fráveitu leystur innan lóða til að draga úr álagi á hreinsikerfi. Fráveita á svæðinu er í dag leidd í litróf hreinsivirki/rotþró með útrás sem opnast í Kollafjörð. Kollafjörður er ekki á verndarsvæði en hefur verið skilgreindur sem viðkvæmur viðtaki. ¹ Vegna ráðstafanna sem gerðar eru varðandi mengunarnarvám og hreinsun fráveitu er gert er ráð fyrir að starfsemi á lóð hafi óveruleg neikvæð áhrif á sjó og fráveitu.
Verndarsvæði	Frárennsli af lóð fer til norðurs og síðan til vesturs ² og hefur ekki áhrif á votlendi, sem nú hefur verið hverfisverndað skv. breytingu á aðalskipulagi. Þar sem rennisslóðir frá lóð til norðurs hefur breytingin ekki áhrif á Leiruvog, sem er á náttúruminjaskrá.
0	Skýringar og mótvægisáðgerðir Straumar á svæðinu renna ekki í átt að votlendi. Setti eru skilmálar um mengunarnarvám og þar sem við á er fráveita leidd í hefðbundna fráveitu. Þannig er ekki hætt á að fráveita eða afrennsli berist frá lóðinni út í votlendið og áhrif óveruleg. Fráveita á svæðinu verður unnin í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur. Starfsemin verður í samræmi við kröfur sem gerðar eru í lögum og reglugerðum um málaflökkin. Gert er ráð fyrir að með því að innleiða skilmála deiliskipulags og með því uppfylla kröfur sem settar eru í starfsleyfi verði mengunaráhrif vegna starfseminnar óveruleg neikvæð.
0/-	Skýringar og mótvægisáðgerðir • Starfsemin fer að mestu leyti fram í lokuðum rýmum sem dregur úr hávaða og lyktarmengun. • Settir eru skilmálar um geymslu og meðhöndlun mengandi efna. • Settir eru skilmálar um að starfsemin uppfylli kröfur um bestu aðgengilegu tækni (BAT). • Skilmálar eru settir um girðingar og skjólveggi til að hindra fok af svæðinu. Inn- og útkeyrslur verða malbikaðar til að draga úr foki. Ef girðingar eru ekki fullnægjandi verður skoðað að nota aðrar leiðir til að hindra fok. • Gert er ráð fyrir olúskiljum og sandskiljum. • Settir eru skilmálar um að áfylling og meðferð olúefna fari fram á olúheldu áfyllingarplani. • Gert er ráð fyrir að bílar sem flytja efni til og frá malbikunarstöðinni verði lokaðir og áætlað að þak verði sett yfir efni eins og hægt er á uppbyggingartíma. Þá mun blöndun efna einungis eiga sér stað í lokuðum rýmum stöðvarinnar til að hindra fok.
Hljóðvist	Búast má við hávaða frá hreyfanlegum hlutum malbikunarstöðvarinnar, vörubólum og vélum sem notaðar eru við starfsemina.
0/-	Skýringar og mótvægisáðgerðir Skilmálar gera ráð fyrir að starfsemin fari að mestu leyti fram í lokuðum rýmum. Settir eru skilmálar um að dregið verði úr hávaða og titring frá malbikunarstöð eins og kostur er, sem og að tryggð sé að hávaði frá starfsemi sé í samræmi við reglugerð um hávaða, nr. 74/2008. Breytingin er þannig talin hafa óveruleg neikvæð áhrif á hljóðvist.
Lyktarmengun	Ekki er talið líklegt að mikil lykt hljósti af starfsemi. Starfsemin fer að mestu leyti fram í lokuðum rýmum. Í starfsleyfi malbikunarstöðvarinnar verða settir skilmálar um starfsemina til að tryggja að lykt sé undir mörkum reglugerðar.
0/-	Skýringar og mótvægisáðgerðir Settir eru skilmálar um að tryggð sé að starfsemin sé í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarnarvám og að farið verði yfir starfhætti eftir þörfum með það að markmiði að draga úr lykt frá starfsemi. Starfsemin er talin hafa óveruleg neikvæð lyktaráhrif.
Minjar	Engar þekktar minjar eru innan breytingasvæðisins, sem þegar hefur verið raskað og er í dag notað sem geymslusvæði. Breytingin er ekki talin hafa áhrif á minjar.

Samantekt umhverfisáhrifa

Á heildina litið er breyting á deiliskipulagi og þar með starfsemi malbikunarstöðvar á lóð, talin hafa óveruleg neikvæð áhrif á umhverfisþætti. Þar sem gerðar eru ráðstafanir til að draga úr þeim neikvæðu áhrifum sem hljóta af starfsemi.



Hluti af Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 - Ekki í kvarða.

Skýringar

- Deiliskipulagsmörk
- Lóðarmörk
- Byggingarreitur
- Bindandi byggingalína
- Lóðarstærð fermetrar
- Mænistefna
- Götur
- Göngustígur
- Hjólástigur
- Þjónustustígur
- Ofanvatnslausnir
- Settlarnir
- Hverfisvernd
- Gróðursvæði í borgarlendi
- Skjólbelti í borgarlendi
- Kvæð um veitulagnir
- Dreifistöð
- Húsnúmer
- Vp Verslun og þjónusta
- P43 Hámarksfjöldi bilastaða
- Nív. byggingar
- Reiðleið

Samþykktir

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann 20 og í _____ þann 20.

Tillagan var auglöst frá _____ 20 með athugasemdafresti til _____ 20.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20.

Skipulagsgögn: Engin gögn fylgja upprætti.

Kortagrunnar: Teikningrunnur deiliskipulags Esjumela: Landmótun.

Hnitakerfi: ISN93.

Kvarði: 1:4.000[A2].

VSÓ RÁDGJÖF
BORGARTÚNI 20, 105 REYKJAVÍK, Sími 585-9000, NETF: vs@vs.is

Teikning: 18605-DSK-T-G-01 Dags.: 29.11.2019

Skipulag: AK / HA Yfirfarið: BS

REYKJAVÍK

¹ Umsögn skrifstofu umhverfisgæða um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur. Dags. 27.11.18.

² Mannvít (2017). Meðhöndlun ofanvatns á Esjumelum (Deiliskipulagssvæði B).

Almennar upplýsingar:

Nafn VSÓ Ráðgjöf ehf.
Erindi nr. P-2019-11-27-0176
Kennitala 6812720979
Heimilisfang BORGARTÚNI 20
Póstnúmer 105
Símanúmer 5859188
Netfang andreak@vso.is
Nafn forsvarsmanns (ef -
um fjöleignarhús er að
ræða)
Netfang tengiliðs Andrea Kristinsdóttir

Greiðanda kennitala 7004027890
Greiðanda nafn Malbikunarstöðin ehf.
Greiðanda netfang bh@malbika.is

Framkvæmdasvæði

Heimilisfang/lóðarheiti Kistumelur 6-8

Umsækjandi er Í umboði eiganda

Umsækjandi Hefur kynnt sér gildandi deiliskipulag

Erindið fjallar um Breytingu á deiliskipulagi

Stutt lýsing á erindi

Malbikstöðin ehf., kt.: 7004027890, óskar eftir að með fylgjandi tillaga að breytingu á deiliskipulagi Esjumela, vegna starfsemi malbikunarstöðvar á lóð við Kistumel 6-8, verði tekin fyrir á fundi umhverfis- og samgönguráðs í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Við vinnslu breytingartillögu var haft samráð við Björn Inga Edvardsson, verkefnastjóra hjá borginni, og við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Meðfylgjandi gögn og
upplýsingar varðandi
umsókn – þar sem við á

Uppdrættir

Lýsandi nafn 18605-DSK-T-G-01-A2.pdf
skjals

Hæðarblað

Lýsandi nafn 18605-DSK-T-G-01-A2.pdf
skjals

Umsögn Minjastofnunar Íslands

Lýsandi nafn 18605-DSK-T-G-01-A2.pdf
skjals

Önnur gögn

Lýsandi nafn 18605_191011_fylgigagn_skyringaruppdrattur.pdf
skjals

-
-